

## STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2021, mánudaginn 25. október kl. 13:00 var haldinn 311. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Katrín Atladóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir en þau tvö síðastnefndu tóku þátt um fjarfundabúnaða. Fulltrúi starfsfólks var Ólöf Snæhólm Baldursdóttir.

Einnig tók Bjarni Bjarnason, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Íris Lind Sæmundsdóttir.

### Þetta gerðist:

1. Fundargerðir SF 309 og 310 lagðar fram og samþykktar. Fundargerðirnar verða undirritaðar rafrænt.
2. Klukkan 13:10 mættu Bjarni Freyr Bjarnason, starfandi framkvæmdastjóri fjármála, Gísli Björn Björnsson, sérfræðingur Fjárstýringa og greininga, og Kristjana Kjartansdóttir, forstöðumaður Áhættustjórnunar og ferla, til fundarins. Bjarni Freyr gerði grein fyrir stöðu fjármögnunar og fjármála. Umræður.

Lögð var fram arðsemissstefna OR sem Bjarni Freyr gerði nánar grein fyrir sem og árlegri rýni á henni. Lagt er til að hún verði samþykkt óbreytt.

*Samþykkt.*

Lögð var fram arðgreiðslustefna OR sem Bjarni Freyr gerði nánari grein fyrir sem og árlegri rýni á henni. Lagt er til að hún verði samþykkt óbreytt.

*Samþykkt.*

*Eyþór Arnalds og Katrín Atladóttir sátu hjá við afgreiðslu arðgreiðslustefnu.*

Lögð var fram tillaga að breytingu á áhættustefnu OR, dags. 21.10.2021, sem Kristjana og Gísli Björn gerðu grein fyrir ásamt áhættuhandbók en tillögunni fylgdi greinargerð:

*Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samþykkir framlagða áhættustefnu OR ásamt þeim mörkum sem skilgreind eru í áhættuhandbók OR.*

*Samþykkt.*

Þá var lögð fram áhættuskýrsla, dags. 14.10.2021.

3. Klukkan 13:50 mætti Guðrún Erla Jónsdóttir, stefnustjóri til fundarins, og lagði fram stefnuáætlun ársins 2022 sem hún gerði nánari grein fyrir. Umræður.
4. Guðrún Erla lagði fram og kynnti skýrslu um framfylgd eigendastefnu. Samþykkt samhljóða að leggja skýrsluna fyrir eigendafund.
5. Klukkan 14:40 mættu til fundarins frá innri endurskoðun, Hallur Símonarson, Guðjón Hlynur Guðmundsson og Arnar Freyr Guðmundsson og frá Ernst & Young Ágústa Berg. Einnig komu á sama tíma inn á fundinn Sæmundur Friðjónsson, forstöðumaður upplýsingatekni OR og Bjarni Freyr Bjarnason, starfandi fjármálastjóri OR.

Lagðar voru fram skýrslur og niðurstöður innri endurskoðenda á niðurstöðum úttektar á netöryggi annars vegar og hins vegar stjórnunarkerfi upplýsingatækni hjá OR og dótturfélögum sem Guðjón, Hallur, Arnar Freyr og Ágústa gerðu grein fyrir.

Að lokinni yfirferð innri endurskoðunar á niðurstöðum sínum gerðu Sæmundur og Bjarni Freyr grein fyrir viðbrögðum OR vegna niðurstaðna innri endurskoðunar OR.

6. Lögð fram að nýju tillaga frá síðasta fundi, um breyttar starfsreglur stjórnar varðandi fjarfundi og notkun á fjarfundarbúnaði. Umræður.

*Samþykkt.*

7. Forstjóri óskaði eftir umboði til að boða reglubundinn eigendafund í nóvember. Lagt er til að forstjóra verði falið að boða fundinn að höfðu samráði við eigendur um dagsetningu.

*Samþykkt.*

8. Lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 21.10.2021 og minnisblað um forðagæslu, dags. 21.10.2021, að meðtalinni umfjöllun um auðlindmælikvarða. Umræður.

9. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 21.10.2021, um starfsemina á milli stjórnarfunda.

Forstjóri gerði grein fyrir samþykkt á endurmörkun Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. sem leiðir til nafnabreytingar félagsins. Nafnabreytingin var samþykkt á hluthafafundi í félaginu 12. október sl. og leiðir til þess að fyrirtækið beri nú heitið Ljósleiðarinn ehf. Breytingin hefur verið tilkynnt til fyrirtækjaskrár og er afgreiðslu hennar nú beðið.

10. Önnur mál.

Lagt var fram erindi, dags. 22. október 2021, varðandi Carbfix. Forstjóra er falið að svara erindinu.

Fleira gerðist ekki.

**Fundi slitið kl. 16:15.**

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 22. nóvember 2021.**

Brynhildur Davíðsdóttir,  
Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Eybór Laxdal Arndals, Katrín Atladóttir,  
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

# Undirritunarsíða

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon

Eypór Laxdal Arnalds

Valgarður Lyngdal Jónsson

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Bjarni Bjarnason

Vala Valtýsdóttir

Katrín Atladóttir

Íris Lind Sæmundsdóttir